

# LEIÐARVÍSIR AÐ VINNUMATI GRUNNSKÓLAKENNARA

Lokaútgáfa

13. febrúar 2015



Félag grunnskólakennara  
KENNARASAMBAND  
ÍSLANDS



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur .....	2
1. Forsendur vinnumats.....	3
Umfang verkþátta A, B og C í vinnumati kennara .....	3
Skörun milli verkþátta .....	4
Jöfnun vinnuálags .....	4
Vinnutími og viðvera á vinnustað.....	4
Uppbrotsdagar og skertir nemendadagar .....	5
Viðbótarkennsla samhliða eigin kennslu.....	5
Gæsla nemenda.....	5
2. Gerð vinnumats .....	5
Undirbúningur vinnumats .....	6
Grunnþættir í vinnumati .....	6
Reiknilíkan um vinnumat.....	7
Úrlausn ágreiningsefna.....	9

# Leiðarvísir um vinnumat grunnskólakennara

## Lokaútgáfa 13. febrúar 2015

### Inngangur

Kjarasamningi Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem samþykktur var vorið 2014 er ætlað að styrkja faglegt starf innan grunnskóla þar sem nám, kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu eru forgangsverkefni.

Með samningnum er leitast við að:

1. Aðlaga vinnutímaákvæði kjarasamnings að breyttum áherslum í skólastarfi.
2. Færa útfærslur faglegs starfs skóla og kennara frá samningsaðilum til fagfólks í skólamálum.
3. Jafna vinnuálag milli kennara.
4. Móta nýja og bætta umgjörð um kennarastarfið.
5. Bæta launakjör kennara til framtíðar.

Lögð er áhersla á að auka möguleika skóla til að haga starfi sínu með breytilegum og sveigjanlegum hætti með það að markmiði að efla og styrkja nám og kennslu. Til þess að auðvelda skólaþróun og mæta margvíslegum þörfum nemenda og kennara er mikilvægt að stuðla að auknu samstarfi, sameiginlegri þátttöku og samábyrgð á skólastarfinu. Eðlilegt er að það taki tíma að þróa starfshætti sem stuðla að þessari hugsun og þarf útfærsla þessa vinnumats að fá að þróast í ljósi fenginnar reynslu í hverjum skóla.

Í samningnum er tekinn upp nýr vinnutímakafli á grundvelli vinnumats. Verkefnisstjórn var skipuð um gerð leiðarvísis um nýtt vinnumat sem ætlað er að auðvelda innleiðingu þessara nýju starfshátta.

Í þessum drögum er fyrsta útfærsla verkefnisstjórnar um vinnumat kynnt meðal grunnskólakennara, skólastjórnenda, sveitarstjórna og annarra forsvarsmanna skólamála hjá sveitarfélögum.

Kynningar- og umsagnarferli vegna vinnumatsins stóð **frá 1. nóvember 2014 til 10. janúar 2015**. Hagsmunaaðilum vinnumatsins gafst kostur á að kynna sér leiðarvísinn og senda inn athugasemdir á netfang verkefnisstjórnar. Verkefnisstjórn vann í kjölfarið úr þeim og skilaði lokaútgáfu til afgreiðslu samningsaðila 11. febrúar 2015.

Leiðarvísir um vinnumat og breytingar á kjarasamningi verða borin undir atkvæði samningsaðila á tímabilinu frá 19. – 28. febrúar 2015 og gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir eigi síðar en 1. mars 2015. Verði vinnumatið samþykkt munu laun grunnskólakennara hækka um 9,5% 1. maí 2015 og 2% 1. janúar 2016. Verði vinnumatið fellt í atkvæðagreiðslu verða launatöflur óbreyttar þangað til nýr kjarasamningur hefur verið undirritaður.

Í verkefnisstjórn um vinnumat grunnskólakennara eiga sæti Guðbjörg Ragnarsdóttir, Hulda Hauksdóttir og Rósa Ingvarsdóttir frá Félagi grunnskólakennara, Helga Gunnarsdóttir (kom inn fyrir Karl Frímansson), Helgi Grímsson og Ragnar Þorsteinsson f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áheyrnarfulltrúi er Svanhildur M. Ólafsdóttir frá Skólastjórafélag Íslands og starfsmaður verkefnisstjórnar er Svandís Ingimundardóttir.

## 1. Forsendur vinnumats

Verkefnum og vinnutíma kennara er skipt í þrjú verkþætti A, B og C. Heimilt er í samráði skólastjóra og kennara að auka við eða minnka vægi A, B eða C verkþátta enda breytist vægi annarra verkþátta samsvarandi.

**Verkþáttur A:** Kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu sem eru forgangsverkefni í starfi kennara.

**Verkþáttur B:** Önnur verkefni sem kennarar sinna og varða daglegt skólastarf en falla ekki undir A eða C verkþætti.

**Verkþáttur C:** Sérstök verkefni sem skólastjóri felur kennara í samráði við hann.

Skólastjóri getur, í samráði við kennara, ákveðið að haga vikulegum vinnutíma með sveigjanlegum hætti milli tímabila og verkþátta innan skólaársins. Þetta á t.d. við um kennslu í lotum þannig að kennsluframlag getur verið meira eða minna yfir ákveðið tilgreint tímabil þó þannig að meðalkennsluframlag yfir skólaárið helst óbreytt. Sveigjanleikanum er ætlað að styðja við áherslur í skólastarfi á hverjum stað.

Kennarar 55 ára og eldri, sem ekki hafa afsalað sér kennsluafslætti, hafa áfram 19 eða 24 stunda kennsluskyldu á viku. Vinnumatið tekur þá einungis til B og C verkþátta.

### Umfang verkþátta A, B og C í vinnumati kennara

Vinnumat er áætlun um hvernig vinnutími kennarans skiptist milli þeirra verkefna sem hann sinnir. Vinnuskylda kennara reiknast 1.800 klst. á ári að frádregnu orlofi og helgidögum. Hún dreifist hins vegar með öðrum hætti innan ársins en almennt gerist á vinnumarkaði. Ef vinnuframlag er umfram vinnuskyldu skal greiða það með yfirvinnu eða viðbótargreiðslu.

**Verkþáttur A** byggir á vinnumati vegna kennslu, undirbúnings og úrvinnslu kennslu, þ.m.t. námsmats, sem kennari tekur að sér á hverjum tíma. Vinnumatinu er ætlað að jafna vinnuálag milli kennara eins og áður segir og þannig er heimild til þess að hafa kennsluframlag kennara með breytilegum hætti innan skólans, allt frá 24-28 stundir á viku miðað við 100% starf, þó þannig að meðaltalið í kennarahópnum í hverjum skóla sé um 26 kennslustundir á viku og samsvarandi hlutfall þess ef kennarar eru í hlutastöðu. Kennsluskylda kennara 55 ára og eldri, sem hafa ekki afsalað sér kennsluafslætti hefur ekki áhrif á meðalfjölda vikulegra kennslustunda.

**Verkþáttur B** byggir á vinnumati annarra verkefna sem kennarar sinna og varða daglegt skólastarf og starfsþróun en falla ekki undir A eða C verkþátt. Ef þær aðstæður skapast að ekki er svigrúm til að ljúka verkefnum sem falla undir verkþátt B þarf þá ýmist að minnka verkþátt A eða láta þau falla undir verkþátt C og eru þá sérstaklega greidd.

Undir verkþátt B getur m.a. fallið:

- ✓ Samstarfs- og samráðsfundir innan eða utan skólans, s.s. samstarf og fundir með kennurum, starfsfólki skóla, stjórnendum skóla og öðrum sérfræðingum.
- ✓ Skólaþróunar- og námskrárvinna, þátttaka í innra og ytra mati á skólanum, könnunum og rannsóknnum.
- ✓ Foreldrasamskipti s.s. viðtöl, skráningar og önnur upplýsingagjöf.
- ✓ Úrvinnsla agamála og nemendasamtöl.
- ✓ Gerð einstaklingsáætlana og greinargerða um nemendur.
- ✓ Umsjón og eftirlit með kennslurými, tækjum og áhöldum.
- ✓ Uppbrotsdagar (s.s. þemadagar), styttri nemendaferðir, aðstoð við kennslu
- ✓ Gæsla.
- ✓ Undirbúnings- og skipulagsdagar.
- ✓ Símenntun og önnur starfþróun.
- ✓ Kaffitímar/frímínútur.

**Verkþáttur C** byggir á vinnumati sérstakra verkefna sem skólastjóri felur kennara með samkomulagi við hann. Ef tími er ætlaður í þennan verkþátt þarf að draga samsvarandi úr vægi verkefna í A eða B en greiða að öðrum kosti sérstaklega fyrir hann.

Undir verkþátt C getur m.a. fallið:

- ✓ Fag-, árganga- og teymisstjórn.
- ✓ Stjórnun/umsjón með ákveðnum verkefnum s.s. skólaþróun, stundatöflugerð fyrir skólann, umfangsmeiri námskrárvinnu og námsefnisgerð.
- ✓ Félagsstarf nemenda.
- ✓ Innkaup.
- ✓ Gæsla.

### Skörun milli verkþátta

Með vinnumati er leitast við að aðlaga vinnutíma kennara að áherslum í skólastarfi og skapa sveigjanleika til útfærslu faglegs starfs hjá skólum og kennurum. Eðlilegt er að kennarinn fái við mörg verkefni á sama tíma sem geta flokkast undir mismunandi verkþætti. Starfsaðferðir og skólagerðir eru ólíkar. Verkefni sem í einum skóla falla undir B verkþátt geta til dæmis verið fljótandi á milli A og B verkþátta í öðrum. Dæmi um slíkt getur verið í teymiskennslu þar sem ekki er alltaf ljóst hvar samráð endar (B verkþáttur) og undirbúningur hefst (A verkþáttur). Í skiptingu milli verkþátta er því mikilvægt að gæta meðalhófs.

### Jöfnun vinnuálags

Vinnumatinu er ætlað að jafna vinnuálag milli kennara. Þó að grunnþættir í starfi kennara séu flestir þeir sömu þá getur framkvæmd og útfærsla verkefna verið með ólíkum hætti milli og innan skóla. Þeir þættir sem m.a. geta verið breytilegir eru nemendasamsetning, kennsluhættir, kennslugreinar, ný viðfangsefni, skráningar og samskipti. Taka ber tillit til þess við gerð vinnumats.

### Vinnutími og viðvera á vinnustað

Vinnutími kennara á að vera samfelldur og undir stjórn skólastjóra. Til þess að tryggja þetta þarf að skapa kennurum góðar starfsaðstæður, þ.m.t. búnað í skóla. Það er ákvörðun hvers skólastjóra hvernig viðveru kennara er háttað í skólanum. Skólastjóri og kennari geta gert með sér samkomulag um að kennari inni af hendi hluta sinnar vinnu utan vinnustaðar. Markmiðið með þessum sveigjanleika er að koma til móts við þarfir skóla og kennara, t.d. hvað varðar starfsþróun, sérhæfðan undirbúning kennslu og önnur þau störf sem aðilar eru sammála um að eðlilegt sé að vinna utan vinnustaðar.

Viðvera á vinnustað á að tryggja að kennarar hafi nægjanlegt svigrúm til samráðs, funda og sameiginlegs undirbúnings. Mikilvægt er að gefa kennurum ákveðið svigrúm til ráðstöfunar vinnutíma til þess að koma til móts við fjölskylduvæna starfsmannastefnu.

### Starfsþróun og símenntun

Starfsþróun og símenntun kennara er afar mikilvægur þáttur í skólastarfi. Kennarar þurfa svigrúm og stuðning til að sinna starfsþróun. Með því byggja þeir ofan á eigin þekkingu og styrkja fagmennsku sína. Fagmennska kennara er mikilvægasta hreyfiaflið í allri skólaþróun. Hver skóli þarf að móta menningu sem styður við samstarf kennara um starfsþróun.

Á hverju ári eru kennurum ætlaðar 150/126/102 klst. sérstaklega til starfsþróunar og aukins undirbúnings og getur hlutfall hvors þáttar um sig verið mismunandi milli kennara. Mikilvægt er að kennarar haldi utan um eigin starfsþróun með skipulegum hætti. Starfsþróunaráætlun kennara er unnin í samvinnu við skólastjóra og tekur bæði mið af símenntunar- og þróunaráætlun skólans og faglegum þörfum kennara. Að takast á við nýtt námsefni, nýjan aldurshóp eða nýja tækni getur bæði fallið undir starfsþróun og aukinn undirbúning.

## Uppbrotisdagar og skertir nemendadagar

Í umræðu um skólastarf eru tvö hugtök sem varða tiltekna skóladaga sem mikilvægt er að skýra. Í þessu vinnumatni er stuðst við eftirfarandi skilgreiningar:

**Uppbrotisdagar** eru einstaka skóladagar þar sem stundatöflu nemenda er breytt verulega en upphaf og lok skóladags er því næst þau sömu. Þetta geta verið þemadagar, íþróttadagar og ýmsir vettvangs- og ferðadagar. Það getur verið breytilegt á milli skóla og skólaára hversu margir þessir dagar eru. Þessa daga tekur vinnuframlag kennara mið af dagskrá og skipulagi uppbrotsdagsins.

**Skertir nemendadagar** eru dagar þar sem skóladagur nemenda er styttri en stundatafla gerir ráð fyrir, t.d. skólasetning og skólaslit, foreldra- og námsmatsdagar og jólaskeggtanir. Þessir dagar geta verið allt að 10 á hverju skólaári. Viðvera og vinnuframlag kennara á þessum dögum skerðist að öllu jöfnu ekki.

Til að stuðla að jafnræði er æskilegt að skertum nemendadögum og uppbrotsdögum sé dreift á þá skóladaga sem almenna frídaga ber sjaldnar upp á. Sama gildir um skipulagsdaga kennara.

## Viðbótarkennsla samhliða eigin kennslu

Í vinnu verkefnisstjórnar um vinnumat kom fram að ástæða væri til þess að skýra betur ákvæði greinar 2.3.6 í kjarasamningi um viðbótarkennslu í allt að 7 tíma á mánuði samhliða eigin kennslu. Var óskað eftir því við samstarfsnefnd FG og SNS að hún tæki það til skoðunar. Niðurstaða nefndarinnar fól í sér að bæta við tveimur málsgreinum í upphafi greinarinnar:

*Mikilvægt er að leysa forföll kennara eins fljótt og auðið er sé þess nokkur kostur með hefðbundinni forfallakennslu til að tryggja faglegt starf og kennslu nemenda.*

*Við framkvæmd ákvæðis um viðbótarkennslu samhliða eigin kennslu skal öryggi nemenda haft í fyrirúmi sbr. ákvæði grunnskólalaga. Ákvæðið er hugsað sem skammtímalausn til að bregðast við ófyrirséðum forföllum en ekki sem viðvarandi lausn.*

Sjá má grein 2.3.6 í heild sinni á vef verkefnisstjórnar [www.vinnumat.is](http://www.vinnumat.is) í fundargerð samstarfsnefndar frá 23. október sl.

## Gæsla nemenda

Skólastjóri getur, í samráði við kennara, falið honum gæslu nemenda s.s í frímínútum og hádegishléi og telst sá tími til annarra starfa (innan B þáttar). Ef ekki er svigrúm hjá kennara til að sinna gæslu þá er heimilt að greiða yfirvinnu fyrir gæslustörf enda lengist dagleg viðvera sem því nemur. Ef gæslu er sinnt á tíma sem ætlaður er til kaffi- eða matartíma kennara er greidd yfirvinna.

## 2. Gerð vinnumats

Vinnumatinu er ætlað að jafna vinnuálag milli kennara óháð starfsheiti. Þó að grunnþættir í starfi kennara séu flestir þeir sömu þá getur framkvæmd og útfærsla verkefna verið með ólíkum hætti milli og innan skóla. Þeir þættir sem m.a. geta verið breytilegir eru nemendasamsetning, kennsluhættir, kennslugreinar, ný viðfangsefni, skráningar og samskipti. Taka ber tillit til þess við gerð vinnumats.

Vinnumat er unnið í samráði skólastjóra og kennara. Vinnumatið tekur til þeirra verkefna sem kennari sinnir á hverju skólaári og tilgreindir eru í verkþáttum A, B og C. Ákvörðun um vinnumat byggir á þeim verkefnum sem skólastjóri felur kennara, óskum kennarans og áætlun um starfsþróun. Skólastjóri og trúnaðarmaður kennara kynna kennurum forsendur vinnumats skólans á fundi og skólastjóri kynnir trúnaðarmanni lokaniðurstöðu vinnumats.

## Undirbúningur vinnumats

Vinnumat á að endurspeglar áherslur og starfshætti í viðkomandi skóla og starfsumfang viðkomandi kennara. Forsendur vinnumats fyrir skólann geta tekið breytingum milli ára. Vinnumat hvers kennara tekur breytingum ef umfang starfs hans breytist milli ára og jafnvel innan árs.

Frá janúar til mars eiga skólustjórnandi og kennari samtal þar sem fjallað er um starf kennarans, starfsþróun hans og óskir fyrir komandi skólaár. Í þessu viðtali er lagður grunnur að vinnumati næsta skólaárs. Skólustjóri gerir áætlun um verkefni hvers kennara í kjölfar starfsmannasamtala og gerir drög að vinnumati í ljósi hennar, skólanámskrár og þróunaráætlunar skólans. Út frá þessum gögnum setur kennari sér m.a. markmið um eigin starfsþróun og þ.m.t. hagnýtingu fyrrgreindra 150/126/102 tíma miðað við meðalár. Þá funda kennari og skólustjóri og gera samkomulag sín á milli um vinnumat komandi vetrar.

Tímasett framkvæmd vinnumats gæti verið með eftirfarandi hætti:

- ✓ janúar-mars: starfsmannasamtöl
- ✓ apríl: forsendur vinnumats hvers skóla
- ✓ maí: drög að vinnumati fyrir einstaka kennara
- ✓ maí: áætlun um starfsþróun
- ✓ júní: samkomulag gert um vinnumat

Vinnumatið er hluti af kjarasamningi þar sem þeir kennarar sem taka að sér umsjón nemendahópa raðast tveim launaflokkum ofar en aðrir kennarar. Gæta þarf meðalhófs þegar kemur að mati grunnþátta í vinnumati (sjá *Grunnþættir í vinnumati*). Í vinnumati ber að taka tillit til starfsaðstæðna faggreinakennara og áherslna skólans varðandi þátttöku þeirra í samstarfi og samábyrgð á skólustarfinu.

Lögð er áhersla á að kennarar séu í virku samstarfi um nám, kennslu og skólustarf. Mikilvægt er að faggreinakennarar séu virkir við úrlausn nemendamála og í nánú samstarfi við umsjónakennara og foreldra nemenda.

## Grunnþættir í vinnumati

Tilteknir þættir í starfi kennarans eru grundvöllur að vinnumati hans og hafa mest um það að segja hvernig A og B verkþættir eru samansettir.

### Undirbúningur

- Ný námsgrein/nýtt námsefni/nýr árgangur
- Undirbúningur fyrir einstaka kennslustund
- Undirbúningur sem nýtist í fleiri kennslustundum

### Úrvinnsla kennslu

- Námsmat
- Yfirferð verkefna
- Önnur úrvinnsla kennslu
- Ýmiss frágangur gagna

### Nýbreytni og þróun

- Kennsluefni
- Verkefni
- Kennsluaðferðir

### Nemendahópar

- Fjöldi
- Samsetning

- Stærð/ir

#### **Samstarf**

- Fjöldi samstarfshópa og umfang samstarfs
- Teymiskennsla/teymisvinna
- Samstarf vegna einstakra nemenda

#### **Foreldrasamstarf**

#### **Skráningar**

- Skráningar í upplýsingakerfi m.a. til foreldra og samstarfsmanna
- Umfangsmeiri upplýsingagjöf um einstaka nemendur

#### **Umsjón kennslurýmis**

- Umsjón með kennslurými, áhöldum og tækjum

#### **Annað**

- Til dæmis margvíslegt álag tengt hávaða, öryggi og kennsluaðstæðum

### [Reiknilíkan um vinnumat](#)

Til þess að auka gagnsæi og réttmæti vinnumats er mikilvægt að skólastjóri beiti stöðluðum viðmiðum, eins og unnt er, þegar hann stillir upp grunnþáttum vinnumats. Útbúið hefur verið reiknilíkan sem hægt er að styðjast við í því skyni og er það fylgiskjal með leiðarvísinum. Grunnþættir í vinnumati taka til kennsluumhverfis í skólanum og umfangs verkefna kennarans.

Útbúa þarf síðan formlega vinnuskýrslu fyrir komandi skólaár þar sem m.a. er kveðið á um mörk daglegrar viðveru í skóla auk umfangs verkefna kennara í verkþáttum A, B og C. Vinnuskýrsla er undirrituð af kennara og skólastjóra.

#### **A verkþáttur**

Reiknilíkanið gefur vísbendingu um vægi verkþáttar A í starfi kennarans (kennsla, undirbúningur og úrvinnsla kennslu). Vægi verkefna raðast frá 1-5 og getur verið mismunandi milli kennara, þar sem 1 er minnsta vægi en 5 er mesta vægi.



<b>Tafla 1: Árleg vinnuskylda</b>				
	<b>26 kest. á viku í 37 vikur</b>	<b>28 kest. á viku í 37 vikur</b>	<b>24 kest. á viku í 37 vikur</b>	<b>19 kest. á viku í 37 vikur</b>
<b>A þáttur</b>	<b>klst. á ári</b>	<b>klst. á ári</b>	<b>klst. á ári</b>	<b>klst. á ári</b>
Kennsla	641 klst	691 klst	592 klst	469 klst
Undirbúningur og úrvinnsla kennslu	395 klst	425 klst	370 klst	308 klst
<b>Samtals:</b>	<b>1036 klst.</b>	<b>1116 klst.</b>	<b>962 klst.</b>	<b>777 klst.</b>
<b>B þáttur</b>	<b>klst. á ári</b>	<b>klst. á ári</b>	<b>klst. á ári</b>	<b>klst. á ári</b>
Önnur almenn störf og kaffitími	614 klst	534 klst	688 klst	873 klst
Starfsþróun og undirbúningur <sup>1</sup>	150 klst	150 klst	150 klst	150 klst
<b>Samtals:</b>	<b>764 klst.</b>	<b>684 klst.</b>	<b>838 klst.</b>	<b>1023 klst.</b>
<b>C þáttur</b>	<b>klst. á ári</b>	<b>klst. á ári</b>	<b>klst. á ári</b>	<b>klst. á ári</b>
Sérverkefni / viðbótarverkefni				
<b>Samtals:</b>				
<b>Samtals A+B+C</b>	<b>1800 klst.</b>	<b>1800 klst.</b>	<b>1800 klst.</b>	<b>1800 klst.</b>

Ef vægi A verkþáttar er það mikið að lækka þarf vikulega kennsluskyldu er verið að gefa kennara meiri tíma innan B verkþáttar til að sinna starfi sínu (sjá töflu 1). Ef vægi A verkþáttar er með þeim hætti að auka má við kennsluna minnkar B verkþátturinn að sama skapi.

### **B verkþáttur**

Skólastjóri setur fram lista yfir meginverkefni í B hluta miðað við stefnu og starfsáætlun skóla og leggur fyrir trúnaðarmann til umsagnar. Skólastjóri og trúnaðarmaður kynna þennan ramma skólstarfs fyrir kennurum. Tímamagn B verkþáttar getur verið mismunandi hjá kennurum eftir umfangi A verkþáttar og C verkþáttar. Mikilvægt er að þau hugtök og efnisatriði sem tilgreind eru taki mið af aðstæðum, áherslum og hugtakanotkun viðkomandi skóla. Því er óvíst að þau atriði sem tilgreind eru í þessu reiknilíkani eigi alls kostar við enda eru þau eingöngu sett fram skólum til viðmiðunar. Æskilegt er að telja upp fleiri efnisatriði en færri (ekki fella t.d. allar gerðir funda undir einn lið) til þess að varpa eins skýru ljósi á starfsumfang kennara og mögulegt er. Ef þær aðstæður skapast að ekki er svigrúm til að ljúka verkefnum sem falla undir verkþátt B þá þarf ýmist að minnka verkþátt A eða láta þau falla undir verkþátt C og er þá sérstaklega greitt fyrir þau. Undir verkþátt B geta meðal annars fallið:

- Kennara- og starfsmannafundir
- Teymis- og samstarfsfundir
- Nefnda- og verkefnahópafundir
- Fundir með foreldrum
- Skilafundir og aðrir fundir vegna nemenda
- Annað samstarf og samráð innan skóla
- Samstarf utan skóla
- Viðburðaumsjón
- Verkefnavinna utan funda
- Úrvinnsla nemendamála
- Skráning og miðlun upplýsinga

- Önnur skráning í upplýsingakerfi
- Sérstækar skýrslur um nemendur
- Umsjón kennslurýmis, efnis og áhalda
- Gæsla
- Annað

### C verkþáttur

Skólastjóri leggur fram lista yfir meginverkefni í C hluta miðað við stefnu skólans og starfs- og fjárhagsáætlun. Miðað er við að greitt sé sérstaklega fyrir verkefni innan C verkþáttar nema ef skipan og umfang verkefna í A og B verkþáttum er með þeim hætti að ráðrúm hafi skapast til þess að vinna verkefni úr C verkþætti sem hluta af árlegri 1800 stunda vinnuskyldu.

- Verkefnisstjórn
- Fagstjórn
- Námsfnisgerð
- Innkaup
- Félagsstarf nemenda
- Umfangsmikil þróunarvinna
- Gæsla
- Annað

### Úrlausn ágreiningsefna

Rétt er að undirstrika að útfærsla vinnumats þarf að þróast í ljósi fenginnar reynslu í hverjum og einum skóla. Ekki er því raunhæft að gera ráð fyrir að allir þættir í vinnumati samkvæmt leiðarvísi þessum, verði endanlegir og er talsverð aðlögun framundan að skólastarfi og framkvæmd þess á hverjum stað. Gera þarf ráð fyrir að sníða þurfi af agnúa sem upp geta komið við innleiðingu vinnumats sem ekki er hægt að sjá fyrir á þessum tímapunkti og það verði betrubætt eftir því sem meiri reynsla byggist upp við framkvæmd þess. Í undirbúningi vinnumats er mikilvægt að skapa eins mikinn samhug um framkvæmd þess sem nokkur kostur er svo að ágreiningsefni verði fá eftir að vinnumatssamtöl hefjast. Ef einhver ágreiningsefni koma upp milli skólastjóra og kennara í vinnumatssamtali er hægt að kalla til trúnaðarmann en með góðum undirbúningi ætti það að heyra til undantekninga. Hægt verður að leita til verkefnisstjórnar um álit og ráðgjöf vegna útfærslu vinnumatsins en túlkun kjarasamnings og úrlausn ágreiningsefna um ákvæði hans eru sem fyrr á hendi samstarfsnefndar FG og SNS og falla ekki undir verksvið verkefnisstjórnar. Verkefnisstjórn starfar út gildistíma samningsins.

Fylgiskjal með leiðarvísi um vinnumat

[Reiknilíkan vinnumats](#) – tengill á excel-skjal á síðunni [www.vinnumat.is](http://www.vinnumat.is)